

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	17.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Svavarsson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fyrra eftirlit ársins 2022 í Elkem.

Eitt frávik frá starfsleyfi kom fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fyrra reglubundna eftirlit ársins í Elkem fór fram þann 17. maí 2022.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2)
2. Síðasta eftirlitsskýrsla
3. Skráningar (gr. 3.2)
4. Skýrsla til Umhverfisstofnunar (gr. 3.4)
5. Niðurstöður mælinga 2021
6. Önnur mál
7. Skoðunarferð

1. Nýjir eftirlitsmenn fengu kynningu á starfseminni. Farið var yfir helstu framleiðsluþætti og möguleg tækifæri til betri hráefnanýtingar í framtíðinni með nýrri tækni.

2. Síðasta eftirlitsskýrsla. Engin frávik né athugasemdir komu fram í síðasta eftirliti. Ein athugasemd kom fram í fyrra eftirliti ársins 2021 varðandi reyk í ofnhúsinu. Unnið er að hönnun endurbóta m.a. á afsogi við aftöppun sem eru ennþá í gangi samhliða umbótum á ofni 3, sem á að fara í framkvæmdir á haustið 2023 og verið er að prufa svokallaða doghouse lausn þar sem meira punktsog fæst á reyknum. Umbætur á rykmælingum eru einnig í gangi.

3. Skráningar. Farið var yfir mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Umhverfisstofnun er látin vita ef að neyðarreykslepp er meira en 15 mínútur en sjálfvirk mæling er á neyðarreyksleppi sem er yfir 30 mínútur. Uppfærsla á stýrikerfum á ofnum 2 og 3 á að minnka líkur á neyðarreyksleppi og auka viðbragðstíma. Farið var yfir ástæður og viðbrögð við neyðarreyksleppi.

Meðalstyrkur svifagna skv. mælingum var 65,6 mg/L en sé tekið tillit til úrkomugagna fyrir árið 2021 er hann 49,8 mg/L. Starfsleyfismörkin eru 50 mg/L. Viðbrögð rekstraraðila er örari hreinsun á lögnum og örari sópun á útsvæðum.

Samkvæmt mælingum Hafrannsóknarstofnunar í nóvember 2021 mældist ryk í mólunarlínu 1 (í pökkunarhúsi (k)(2)) yfir starfsleyfismörkum, þar sem meðaltal ryklosunar var 46,0 mg/Nm³ en starfsleyfismörkin eru 20 mg/Nm³. Þessi mólunarlína er 18% af heildarrekstrartíma verksmiðjunnar þegar hún er í gangi.

Í júní 2021 voru gerðar mælingar á iðnaðarfrærensli kom fram að magn áls voru 30 kg/ár, og starfsleyfismörkin eru þau sömu, þó svo að magnið sé minna en árið 2020. Elkem framleiðir ekki ál svo mikilvægt er að fylgjast með mælingum og grípa til aðgerða ef að mælingar ársins 2022 sýna aukna hækkun.

4. Skýrsla til Umhverfisstofnunar. Farið var yfir skýrslu um ryklosun. Fram kom að þessi gögn eru sameinuð við umhverfisskýrslu Elkem sem aðgengileg er á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

5. Niðurstöður mælinga 2021. Farið var yfir niðurstöður mælinga ársins 2021. Rætt var um helstu atriði niðurstaðanna undir lið 3 og taldist það fullnægjandi.

6. Önnur mál. Stefnt er að samráðsfundi með fullrúum Umhverfisstofnunar, Hvalfjarðarsveitar og heilbrigðiseftirlits Vesturlands í nóvember ef allir aðilar eru samþykkr. Rætt var um opinn kynningarfund, sem stefnt var að halda í júní og hefur þegar farið fram þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Rekstraraðili var minntur á uppfærslu á ISO vottunum fyrir 14. október 2022 og mun nýjum vottunum vera skilað fyrir þann tíma.

Farið var yfir ábendingar til Umhverfisstofnunar. Góð samvinna hefur verið varðandi ábendingar og svör við þeim og vel er haldið utan um þær hjá báðum aðilum. Kvartanir eru skráðar og farið yfir allar skráningar daglega.

Farið var yfir áhættumat og upplýsingablað Umhverfisstofnunar um stjórnvaldssektir kynnt fyrir rekstraraðila.

Rekstraraðili benti á að stigsmunur sé á alvarleika kvartana og óhappa og því mætti endurskoða þá flokkun í áhættumatinu. Umhverfisstofnun tók við ábendingunni og mun koma henni á framfæri.

Í skoðunarferðinni var gengið um verksmiðjulóðina að hráefnasvæði og þaðan inn í stjórnherbergi á ofnasvæði og stjórnherbergi á steypubelti. Starfsmenn kynntu ferlana á hvorum stað og vöktun og eftirlit með mengunarvarnarbúnaði á hverju svæði.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.6 í starfsleyfi	Ryk í mólunarlínu 1(í pökkunarhúsi (k)(2)) var yfir starfsleyfismörkum, þar sem meðaltal ryklosunar var 46,0 mg/Nm ³ en starfsleyfismörkin eru 20 mg/Nm ³ .

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.08.2022



Margrét Helga Guðmundsdóttir

